

Ed.

72. Frumvarp til laga

[67. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Árni Johnsen, Valdimar Indriðason.

1. gr.

36. gr. laganna hljóði svo:

Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, enda starfi félagið á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Framleiðsluráði.

Eftir að Framleiðsluráð hefur viðurkennt Sölufélag garðyrkjumanna samkvæmt þessari grein er öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til smásöluverslana, nema með leyfi Framleiðsluráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýlega hafa borist af því fregnir að hugmyndir séu uppi um að nota heimild 36. gr. Framleiðsluráðslaganna nr. 95/1981 til að veita Sambandi eggjaframleiðenda einkarétt til sölu og dreifingar eggja gegn andstöðu helstu eggjaframleiðenda. Þar sem flutningsmenn telja að slíkur háttur á sölu þessarar vöru brjóti í bága við hagsmuni neytenda og hamli eðlilegum framförum í framleiðslu landbúnaðarvara álíta þeir nauðsynlegt að numin sé úr lögum heimild til slíkrar einokunarstarfsemi. Auk þess verður hún að teljast í andstöðu við þær meginreglur um atvinnufrelsi sem hafa ber í heiðri.

Í samræmi við framangreind sjónarmið er lagt til að úr texta 36. gr. Framleiðsluráðslaganna falli heimild ráðsins til að veita Sambandi eggjaframleiðenda einkarétt til sölu og dreifingar á eggjum til smásöluverslana.